

Skóla reglur



1. Nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn eiga að mæta stundvíslega til starfa.
2. Nemendum og starfsmönnum ber að ganga snyrtilega um húsnæði og lóð skólans og fara vel með húsmuni og tækjabúnað.
3. Öll meðferð og neysla áfengis og annarra vímuvaldandi efna er bönnuð í húsnæði og á lóð skólans.
4. Algjört bann er við reykingum og annarri tóbaksnotkun í húsnæði og á lóð skólans.
5. Neysla matvæla er óheimil í kennslustundum, á bókasafni og í tölvuverum skólans.
6. Nemendum og kennurum ber að skila kennslustofum snyrtilegum í lok kennslustundar.
7. Notkun farsíma er bönnuð í kennslustundum.
8. Nemendum og kennurum ber að sýna hver öðrum kurteisi og tillitssemi.
9. Kennari er verkstjóri í kennslustund. Allir þeir sem tíma sækja eiga að geta notið kennslunnar í friði.
10. Nemendur bera sjálfir ábyrgð á að kynna sér reglur og starfsáætlanir skólans.

